

Nóvember

Pési

166 tbl. 13. Árgangur nív. 2003
Útgefandi Hrunamannahreppur.
Ritstj Svanhildur Pétursdóttir
Sími:486-6617 HS.486-3410
GSM.869-3094
E-mail hruni@mmedia.is

Ritstj. Svanhildur Pétursdóttir
Sími: 486-6617 . Hs. 4863410

Í desember kemur Pésinn út föstud. 12.des

Skilafrestur á efni er til 8.des

Frá sundlauginni Flúðum.

Opnunartími:

Mánudaga – fimmtudaga 18:00 – 22:00

Föstudaga 17:00 – 21:30

Laugard og sunnudaga 13:00 – 18:00

Frá Íþróttahúsinu á Flúðum.

Opnunartími í tækjasal:

Mánudaga – fimmtudaga 17:00 – 22:00

Föstudaga 17:00 – 21:00

Laugardaga LOKAÐ

Sunnudaga 14:00 – 21:00

Tónleikar!!!!

*Vörðukórinn, Samkór Selfoss
og Árnesingakórinn í Reykjavík
halda sameiginlega tónleika
í Félagsheimilinu á Flúðum
laugardaginn 22 nóvember Kl.16:00*

VIOLA - snyrtistofa á Flúðum

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsbað

Húðhreinsun

Litun og plokkun

Handsnyrting

Fótsnyrting

Förðun

Vaxmeðferðir

Tímamantanir í síma 566-8342

og 897-3741(Hlíf)

Frá Flúðaskóla.

Vantar stuðningsfulltrúa í 50% stöðu.

Þyrfti að geta byrjað strax.

Upplýsingar er að fá hjá okkur í skólanum

í síma 486-6601.

Guðjón Árnason skólastjóri.

Íbúðarhús til leigu.

140 fermetra íbúðarhús
er til leigu að Reykjaflöt
Upplýsingar í síma: 566-6594

Hrunamenn I og II

Jólabókin í ár?
Enn eru til nokkur eintök
á Skrifstofu Hrunamannahrepps
á kr. 8.500. Uppl. í síma 486-6617
og á skrifstofunni.

Ferðamiðstöðin.

Ferðamiðstöðin er opin í vetur,
frá kl: 18:00-22:00,
alla daga.

**Frá Versluninni Strax Flúðum.
Vetraropnun**

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00



Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana
14. nóv 28. nóv.
og 12. des.
Pantið tímanlega.
Tímamantanir í síma:
486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.
Einnig á hársnyrtidegi 823-8326 og 899-9665.
Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

Flúðir afleysingar og tímabundin störf.

Orlofssjóður Kennarasambands Íslands auglýsir eftir starfsmönnum til að leysa af fasta starfsmenn sjóðsins á Flúðum í veikindum og sumarleyfum. Einnig gæti orðið um tímabundin þrif að ræða sérstaklega á föstudögum n.k. sumar. Hús Kennarasambandsins eru 13 í Ásabyggð og 6 í Heiðarbyggð.

Áhugasamir hafi samband við Hönnu Dóru Þórisdóttur í síma 595-1122 eða Hilmar Ingólfsson í síma 860-1943.

Framkvæmdastjórn Orlofssjóðs K.Í.

Tek að mér að gera vefsíður fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Hafið samband í síma 663 4100 eða sendið tölvupóst á bjorn01@ru.is

Gott verð.

Björn Hr. Björnsson.

Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps!!!

Hvítu sparidúkarnir okkar eru ekki á sínum stað!

Það hefur einhver eflaust fengið þá að láni, eða tekið þá heim til að þvo.

Ef einhver er með þá vinsamlega skilið þeim í Félagsheimilið eða hafið samband við einhverja í stjórninni.

Með kveðju.

Stjórnin.

Kemur og fer, byggt eða brotið.

Á almennum hreppsfundum, sem haldinn var í Hruna 2. okt 1928 var gerð svohljóðandi ályktun:

"Fundurinn ályktar að ráðast í að byggja barnaskóla eftir þeirri teikningu, sem gerð hefur verið, og á svo ódýran hátt, sem unnt er, og svo fljótt sem ástæður leyfa."

Næsta sumaar var svo byggt skólahús og tekið í notkun 28. okt 1929.

Þar með reis fyrsta hús á Flúðum, og á næsta ári eru liðin 75 ár frá því skrefi sem kalla mætti landnám á Flúðum.

"Og síðan eru liðin mörg ár"

Hús og önnur mannanna verk frá hinum ýmsu tímum hafa risið og þéttbýliskjarni orðið til.

Kjarni þessi er að vísu löngu komin út fyrir hið gamla Flúðaland, og nú er ein algengasta spurning aðkomufólks: " Af hverju heita Flúðir, Flúðir?", og halda flestir að það sé vegna smá flúða ofan við Litlu - Laxárbrú.

En við vitum betur.!

Nú langar mig að fara þess á leit við sveitunga vora að þeir kanni í kössum og möppum (gerist möppudýr) hvort ekki finnist gamlar myndir af núverandi Flúðasvæði (1 km í rad) frá upphafi. Það væri gaman að púsla þeim í albúm eða annað form á birtingu, sérstaklega á meðan á lífi eru menn, sem **muna mesta allan** þennan tíma.

Kemur og fer!! ÖRN.

Áhugamannahópur um forvarnir barna og unglinga.

Á aðalfundi Foreldrafélags Flúðaskóla, haldinn 6. okt 2003, var samþykkt tillaga um að skora á sveitarstjórn að endurvekja forvarnarhóp, sem var stofnaður fyrir þremur árum, og starfaði ötullega um tíma.

Í framhaldi af fundi með Ísólfi Gylfa sveitarstjóra var ákveðið að stofna **Áhugamannahóp um forvarnir barna og unglinga.**

Hittumst í Flúðaskóla mánudagskvöld 17. nóv kl.20:00, og leggjum okkar að mörkum um þetta málefni.

Allir velkomnir.

Undirbúningsnefndin.

Heimaland

Læknir verður til viðtals í "Kjallaranum" kl 14:00 fyrsta fimmtudag hvers mánaðar eins og verið hefur undanfarna vetur.

Kvíga óskast

Óskum eftir kvígu, komna að burði.

Samúel og Þórunn s. 486-6558 / 864-1758

Frá Nautgriparæktarfélagi Hrunamanna.

Ágætu lesendur Pésans.

Þá er bókin okkar komin á réttan kjöl og er til sölu hjá okkur stjórnarmönnum en við erum: Jón Viðar Dalbæ 1 s. 486-6648, Þórunn Bryðjuholti s. 486-6558 og Esther Sólheimum s. 486-6590.

Eins og áður hefur komið fram þá fjallar bókin um aðdraganda, stofnun og sögu Nautgriparæktarfélags Hrunamanna í 100 ár, 1903-2003.

Bókina skrifar Páll Lýðsson Litlu-Sandvík og er hún prýdd um 100 myndum. Þar er líka að finna sérkafla um okkar landsfrægu kú Huppu frá Kluftum. Bókin er glæsilegt rit og mjög fróðleg heimild um framfarasögu Hrunamannahrepps og störfingum kringum

nautgriparæktina í 100 ár en vinnan kringum hana var ótrúlega mikil áður fyrr.

Bókin er tvímælaust jólagjöfin í ár fyrir alla Hreppamenn, hvort sem þeir eru innfæddir, aðfluttir, burtfluttir eða innfluttir og fyrir alla þá sem áhuga hafa á sögu nautgriparæktar á Íslandi.

Bestu þakklætiskveðjur til allra þeirra sem aðstoðuðu okkur við gerð bókarinnar og einnig þökkum við þeim fjölmörgu sem heiðruðu fálagið með nærveru sinni á afmælishátíðinni 1. nóvember.

Stjórnin.

JÓLAHLAÐBORÐ Á HÓTEL FLÚÐUM

HÓ HÓ HÓ.

Með þessu bréfi viljum við kynna fyrir þér og þínum
JÓLAHLAÐBORÐIÐ okkar á HÓTEL FLÚÐUM.

Hjá okkur er boðið uppá sérlega glæsilegt hlaðborð frá 22 nóvember til 13. desember frá kl. 19.00 – 22.00.

Á hlaðborðinu er úrval gírnilegra rétta og svignar það undan kræsingunum – en þar má m.a. finna:

Síld og síldarrétti, reyktan og grafinn lax, kofareykta bleikju, fiskipaté, villipaté, grafið lamb, hamborgarahrygg, jólaskinku, kalkún, grísasteik, purusteik, hangikjöt,

Eplasalat, grænmeti, brúnaðar og soðnar kartöflur, nýbakað brauð, laufabrauð, rúgbrauð, smjör og fleira.

Með þessu er svo tilheyrandi meðlæti, heitar og kaldar sósur, kaffi og eftirréttir.

Verð pr. fullorðinn er kr. 4.500. Börn 6 ára til 12 ára greiða kr. 2.500. frítt fyrir yngstu börnin.

Borðapantanir eru í síma 486-6630.

Sjáumst og heyrumst í jólaskapi

Verið velkomin.

Starfsfólk Hótel Flúða.

Ath. Uppselt á jólahlaðborð 22, 28 og 29 nóv.

Örfá sæti laus 6 og 13 des

Kæru sveitungar og nærsveitamenn

Fyrirhugað er að brydda upp á þeirri nýjung að hafa Skötuveislu á Þorláksmessu á Kaffi-Selí (golfskálanum). Að sjálfsögðu verður pizzaofninn í gangi líka, svo að allir í fjölskyldunni ættu að fá eitthvað við sitt hæfi. Verður auglýst nánar, þegar nær dregur.

Ath. Að það er hægt að þannta hjá okkur fyrir afmæli og aðrar upptakomur með 2-3 daga fyrirvara, í síma 4866690/8917811.

Fyrir hönd Kaffi-Sels Ásta og Halldór

Útför

Þann 29. október var **Brynjólfur Geir Pálsson** frá Dalbæ jarðsungiinn frá Skálholtskirkju, jarðsett í Hrepphólakirkjugarði.. Brynjólfur var fæddur 3. apríl árið 1930, hann lést þann 21. október sl.

Helgihaldið

Kyrrðarstund í Hrepphólum sunnudagskvöldið 16. nóv. kl.20:30 og næst þann 30. nóv.

Næsta messa verður í Hrepphólum sunnudaginn 23. nóvember kl. 11

Úr Kirkjubókinni

Skírn

Þann 18. október var **Þorvaldur Logi** skírður í Hrepphólakirkju: Hann er fæddur 29. júlí, foreldrar hans eru Arnheiður Sigríður Þorvaldsdóttir og Einar Logi Sigurgeirsson Miðfelli 2A

Aðventuhátíð verður 7. desember

Biblúspjall er í safnaðarheimilinu á miðvikudagskvöldum kl. 20:30 hver stund er sjálfstæð, þ.e.a.s. enginn er skuldbundinn að mæta annað hvort alltaf eða aldrei.

Létt spjall um biblíu, trú og samfélag.

Kirkjuskólinn er í Hruna á laugardagsmorgnum kl.11

Gaman væri ef foreldrar tækju sig saman um að hvetja börnin til þátttöku. Í boði er fjölbreytt dagskrá: Biblíufræðsla, söngvar, sögur, leikbrúður, bænir, leikir, límmiðar og litastund. Ef næg þátttaka fæst þá er hópnum aldursskipt hluta stundarinnar. Markmiðið er þó ekki að skemmta börnunum heldur að bjóða þeim í stund og stað, öðruvísi en annað sem þau eiga að venjast, helga stund með innihaldi.

Fyrir þau sem eiga stálpuð börn er til dæmis sniðugur valkostur að keyra börnin í kirkjuna og drífa sig síðan í snarpa morgungöngu á meðan.

Með góðum kveðjum
Eiríkur Jóhannsson.

Ég vil selja hrossakjöt, hálfan skrokk
af 6. vetra hryssu, gott verð
Magnús Miðfelli 5
Sími 486-6655

1. sunnudagur í aðventu

Hinn árlegi fjáröflunardagur Kvenfélags Hrunamannahrepps verður í Félagsheimili Hrunamanna sunnudaginn 30. nóvember kl.14:00

Boðið verður upp á söluborð fyrir þá sem það vilja. Þeir sem hafa áhuga hafið samband við Fanney í síma 486-6404.

Síðan ætlum við að hafa tombólu og kökubasar og einnig verður stjórnin með vöfflu og súkkulaðisölu.

Sólmundur mætir með börn úr yngstu bekkjum skólans og syngja þau nokkur lög.

Kæru félagskonur verum nú duglegar að styrkja félagið okkar með munum á tombólu og kökum á basarinn.

Við verðum í Félagsheimilinu á laugardagsmorgunn 29.nóv á milli 10 og 12 og tökum á móti munum og kökum.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest.

Nefndin

Ps.Ekki gleyma buddunni heima.

Útívera-Félagsskapur !!!!!!!!

Þeir sem hafa áhuga á að æfa leirdúfu-eða riffilskotfimi, stofna hóp eða félagsskap í kringum þá íþrótt, þá langar okkur endilega að fá að heyra í ykkur.

Siggi s: **8991169**

Bjarki s: **8612262**

Árið 2003, þann 29. október kl. 20 hófst fundur í Hreppsnefnd Hrunamannahrepps. Fundurinn var haldinn í fundarsal hreppsins, Akurgerði 6 á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Eiríkur Ágústsson, Ragnar Magnússon, Þorsteinn Loftsson, Unnar Gíslason og oddviti hreppsnefndar Sigurður Ingi Jóhannsson sem setti fund og stjórnaði

honum. Ísólfulur Gylfi Pálmason, verðandi sveitarstjóri skráði fundargerð. Oddviti bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboð. Því næst kynnti oddviti eftirfarandi dagskrá.

Dagskrá:

1. Fundargerð Æskulýðs- og íþróttanefndar 44. fundur frá 22.09.03.
2. Fundargerð Fræðslunefndar 8. fundur frá 06.10.03.
3. Fundargerð Veitustjórnar frá 22.09.03.
4. Fundargerð Oddvitaneftndar frá 01.10.03
5. Fundargerðir sveitastjórafundu í uppsveitum frá 09.10 og 23.10.03.
6. Verkfundargerðir leikskólabyggingar nr. 33,34,35,36 og 37.
7. Minnisblað 20 fundur arkitekta, verkstjóra, og eftirliti vegna leikskólabyggingar.
8. Fundargerð frá 369 stjórnar SASS frá 01.10.03
9. Fundargerð 58. fundar stjórnar Heilbrigðisneftndar Suðurlands frá 15.10.03.
10. Fundargerð 67. fundar stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands frá 22.10.03.
11. Fundargerð 233. fundar stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands 17.10.03.
12. Fundargerð 107. stjórnarfundar Sorpstöðvar Suðurlands frá 30.10.03.
13. Fundargerð 123. fundar Tónlistarskóla Árnesinga frá 15.10.03.
14. Tillaga um endurvakningu forvarnarhóps frá Foreldrafélagi Flúðaskóla.
15. 100 ára afmæli Nautgriparæktarfélagi Hrunamanna.

Til kynningar:

1. Bréf frá Umhverfisráðuneytinu frá 02.10.03 – samþykki fráveitu í Hrunamannahreppi.
2. Bréf frá Samvinnunefnd Miðhálandisins frá 27.09.03 vegna breytingu á Svæðisskipulagi Miðhálandisins.
3. Bréf frá Heilbrigðis- og Tryggingaráðuneytinu frá 16.10. 03. vegna sameiningu heilsugæslustöðva á Suðurlandi.
4. Fundargerð 705. fundar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga frá 22.08.03.

Því næst var gengið til dagskrár:

1. Fundargerð Æskulýðs- og íþróttanefndar 44. fundur frá 22.09.03. Oddviti lagði fram fundargerðina og kynnti. Í fundargerðinni er m.a. fjallað um tækjakaup o.fl. í samræmi við fjárhagsáætlun. Fundargerðin samþykkt.

2. Fundargerð Fræðslunefndar 8. fundur frá 06.10.03. Oddviti lagði fram fundargerðina og kynnti. Í fundargerðinni er m.a. fjallað um gjafir til skólans, verkefnið lesið í skógin, o.fl. Fundargerðin samþykkt.
3. Fundargerðir Veitustjórnar: 17 fundur frá 22.09., 18 fundur frá 06.10 og 19 fundur frá 28.10. 03. (samþykkt að taka fundargerðina fyrir). Oddviti lagði fram fundargerðirnar og Ragnar kynnti þær. M.a. fjallað um gjaldskrá, stýrikerfi, reglugerðir, nýja rafstöð sem varanlega lausn o.fl. Fundargerðirnar samþykktar. Sveitarstjóra falið að vinna að þessum málum í samráði við veitustjóra.
4. Fundargerð Oddvitaneftndar frá 01.10.03. Oddviti lagði fram fundargerðina og kynnti. Sagt frá nemanda sem vinnur að verkefni um samvinnu sveitarfélaga í Uppsveitum og ýmis sameiginleg mál hreppanna s.s. húsaleigumál starfsmanna, tryggingamál, skipting kostnaðar vegna stofnbúnaðar skipulagsfulltrúa, reiðvegi, sölu húss í Laugarási o.fl. Fundargerðin samþykkt.
5. Fundargerðir sveitastjórafundu í Uppsveitum frá 09.10 og 23.10.03. Verðandi sveitarstjóri lagði fram fundargerðina og kynnti. Þar er m.a. fjallað um ýmis úrlausnarverkefni frá oddvitaneftnd s.s. mótun starfsmannastefnu í tengslum við símenntunaráætlun, starfslýsingar, stýrihóp um símenntunaráætlun, sameiginlega skoðun á trygginga- og endurskoðunarmál o.fl. Sveitarstjóra falið að vinna áfram að málunum.
6. Verkfundargerðir leikskólabyggingar nr. 33,34,35,36 og 37. Oddviti lagði fram fundargerðirnar og kynnti. Fundargerðirnar samþykktar.
7. Minnisblað 20 fundur arkitekta, verkstjóra, og eftirlit vegna leikskólabyggingar. Oddviti lagði fram minnisblaðið og kynnti.
8. Fundargerð 369 fundar stjórnar SASS frá 01.10.03. Oddviti lagði fram fundargerðina og kynnti.
9. Fundargerð 58. fundar stjórnar Heilbrigðisneftndar Suðurlands frá 15.10.03. Oddviti lagði fram fundargerðina og kynnti.
10. Fundargerð 67. fundar stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands frá 22.10.03. Oddviti lagði fram fundargerðina og kynnti.
11. Fundargerð 233. fundar stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands 17.10.03. Oddviti lagði fram fundargerðina og kynnti.
12. Fundargerð 107. stjórnarfundar Sorpstöðvar Suðurlands frá 30.10.03. Oddviti lagði fram fundargerðina og kynnti.

13. Fundargerð 123. fundar Tónlistarskóla Árnesinga frá 15.10.03. Oddviti lagði fram fundargerðina og kynnti.
14. Tillaga um endurvakningu forvarnarhóps frá Foreldrafélagi Flúðaskóla. Oddviti lagði fram tillöguna. Hreppsnefnd tekur undir tillöguna og felur sveitarstjóra að vinna að málinu með stjórn Foreldrafélagsins í samvinnu við forsvarsmenn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.
15. 100 ára afmæli Nautgripærktarfélags Hrunamanna. Rætt var um þetta merka félag og samþykkti hreppsnefndin samhljóða að veita félaginu styrk að upphæð kr. 250.000 í tilefni af þessara tímamóta og útgáfu bókar um félagið. Fleira ekki rætt, fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl.22.00.

Magus Veflausnir.

Í framhaldi af þeim viðbrögðum sem við fengum við auglýsingu okkar í lok október bjóðum til opins kynningarfundar mánudagskvöldið 17 nóvember næstkomandi kl 20:30 í Golfskálanum að Efra-Seli og kynnum í máli og myndum þær nettengingar sem við getum boðið uppá.

Kaffi á könnunni.

FLÚÐALEIÐ ehf.

**Vöruflutningar
ferðaáætlun**

priðjudaga -miðvikudaga- fimmtudaga -
föstudaga

Brottför kl 15:00 frá **VM-Flytjanda**

Klettagörðum 15, Reykjavík.

Frá Húsasmiðjunni á Selfossi kl: 16:00

Pálmar: 892-2370

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693

Netfang: fludal@binet.is

Flytjandi

- á réttri leið

fh. Magus Veflausna

Daníel Halldórsson

Axel Rafn Benediktsson

Vo
nu
ms
t
ti
l
að
sj
á
se
m
fl
es
ta
,

VÖNDULL ehf.- **FLUTNINGAÞJÓNUSTA**

Daglegar ferðir REYKJAVÍK –

FLÚÐIR og nágr.

Vöruafgreiðsla í Rvk.,

AÐALFLUTNINGAR ehf.

Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.

**Brottför frá Reykjavík:
mánud- föstud. kl. 16.00
Nánari upplýsingar Jóh. Unnar Guðmundsson
Sími: 898-3741 Högnastíg 1, Flúðum.**

sívaxandi atvinnugrein. Hreppsnefnd þakkar umhverfisnefnd gott starf og óskar hjónunum Mildrid og Ragnari hjartanlega til hamingju með verðlaunin.

Flúðasveppir verðlaunaðir!

Hjónunum Mildrid Steinberg og Ragnari Kristjánssyni voru veitt Umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps 2003 11. nóv. s.l. Þeir Ragnar Magnússon, formaður umhverfisnefndar og Ísólfur Gylfi Pálmason, verðandi sveitarstjóri veittu verðlaunin, sem voru útskorin plata með tákni fegurri sveita en á henni er lítill silfurskjöldur. Það var Helga Magnúsdóttir sem skar út plötuna. Þetta var í raun fyrsta opinbera embættisverk Ísólfis Gylfa hér í hreppnum. Þau hjónin eru vel að þessari viðurkenningu komin og er til mikillar fyrirmyndar hvernig umgengnin er við þetta stóra fyrirtæki. Viðurkenningin á að vera hvatning til annarra hreppsþúa en víða er umgengni góð hér í hreppnum en annarsstaðar er nauðsynlegt að íbúar og eigendur fyrirtækja taki sig til og bæti umgengnina. Hrunamannahreppur er matvælakista og þar sem matvæli eru framleidd verður umgengni að vera til fyrirmyndar. Góð umgengni bætir og ímynd svæðisins og á stóran þátt í því að styrkja ferðamennsku í hreppnum sem er

Jólastjörnusala.

Árleg jólastjörnusala Kiwanisklúbbsins Gullfoss
fer fram síðustu vikuna í nóvember.
Ágóða verður varið til styrktarverkefna.
Nefndin

Brot af jólabókunum 2003

Betty: Arnaldur Indriðason

Da Vinci lykillinn: Dan Brown

Tolkien og hringurinn: Ármann Jakobsson

Áhrif mín á mankynssöguna: Guðmundur Steingrímsson

Á morgun segir sá lati: Emmett

Ég er hann Diego: Diego Maradona

Snarkið í stjórnunum: Jón Kalman

Stúlka með perlu eyrnalokk: Tracy Chevalier

Kátir karlar: Bragi Ólafsson

Brennd lifandi: Souad

Ósköpin öll: Flosi Ólafsson

Annað tækifæri: Patterson

Einhvers konar ég: Þráinn Bertelsson

Maður að nafni Dave: Dave Pelzer

Landbúnaðarnefnd og hreppsnefnd hefur verið í sambandi við yfirdýralækni Halldór Runólfsson, Sigurð Sigurðarson, sérgreinalækni sauðfjár og nautgripa, Sverri Sverrisson sem sér um uppgjör vegna riðu að hálfu Landbúnaðarráðuneytisins vegna riðumála og Svöfu Sigurðardóttur, héraðsdýralækni. Þetta ágæta fólk hélt einnig fund með landbúnaðarnefnd og hreppsnefnd og verðandi sveitarstjóra í síðustu viku. Sigurður Sigurðarson hefur farið um hreppinn og rætt við nokkra bændur út af þessum vágasti. Unnið er áframhaldandi að málinu en endanlegar niðurstöður liggja ekki fyrir þegar þessi Pési fer í prentun en vænst er niðurstaðna innan skamms.

Ísólfur Gylfi Pálmason

Bókasafnið er opið:

Mánudaga 20:00-21:00

Þriðjudaga til fimmtudaga 16:00-18:00

Niðurstöður í riðumáli vonandi á næsta leiti!

í Félagsheimili Hrunamanna laugardaginn

22 nóvember Kl.16:00

Söngskrá kóranna er að vanda fjölbreytt og metnaðarfull.

Tónleikar!!!!

*Vörðukórinn, Samkór Selfoss
og Árnesingakórinn í Reykjavík*

halda sameiginlega tónleika

í Félagsheimili Hrunamanna laugardaginn

22 nóvember Kl.16:00

Söngskrá kóranna er að vanda fjölbreytt og metnaðarfull.

Tónleikar!!!!

*Vörðukórinn, Samkór Selfoss
og Árnesingakórinn í Reykjavík*

halda sameiginlega tónleika

í Félagsheimili Hrunamanna laugardaginn

22 nóvember Kl.16:00

Söngskrá kóranna er að vanda fjölbreytt og metnaðarfull.

Tónleikar!!!!

*Vörðukórinn, Samkór Selfoss
og Árnesingakórinn í Reykjavík*

halda sameiginlega tónleika